

Reykjavík, 3. febrúar 2014

Nefndasvið Alþingis.

213. mál

Félagi raftækjaheildsala hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar (forræði rafmagnsöryggismála).

Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Með frumvarpi þessu er lagt til að sá hluti af markaðseftirliti raffanga, sem er undir eftirliti og forræði Neytendastofu, verði færður til Mannvirkjastofnunar þannig að forræði rafmagnsöryggismála verði hjá einni stofnun.“ Undir þessi orð tekur Félag raftækjaheildsala heilshugar. Félagið hefur áður lýst þeirri skoðun sinni, að öll rafmagnsöryggismál eigi að vera á einni hendi. Það hljóti að vera hagkvæmara, skilvirkara og öruggara í alla staði. Félagið fagnar því, að nú eigi að færa öll rafmagnsöryggismál til Mannvirkjastofnunar.

Með virðingu og kærum kveðjum.

Fyrir hönd Félags raftækjaheildsala


Jón Norland

Í Félagi raftækjaheildsala eru eftirtalin fyrirtæki:

Bræðurnir Ormsson ehf., Ískraft, Johan Rönning hf., Jóhann Ólafsson og Co. ehf.,
Reykjafell hf. og Smith & Norland hf.